

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 2014:

I. Íslenskir ríkisborgarar.

1. janúar 2014:

Alfreð Gíslason handknattleiksþjálfari, Þýskalandi, riddarakross fyrir framlag til íþróttar.

Ingileif Jónsdóttir prófessor, Reykjavík, riddarakross fyrir kennslu og rannsóknir á sviði ónæmisfræða.

Ingvar E. Sigurðsson leikari, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar leiklistar.

Kolbrún Björgólfsdóttir myndlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar myndlistar.

Magnús Eiríksson tónlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar.

Ólafur B. Thors, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til menningar og þjóðlífs.

Smári Geirsson, framhaldsskólakennari og rithöfundur, Neskaupstað, riddarakross fyrir framlag til sögu og framfara á Austurlandi.

Soffía Vagnsdóttir skólastjóri, Bolungarvík, riddarakross fyrir framlag til félagsmála og menningar í heimabyggð.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir frumkvæði og forystu á sviði löggæslu.

Svanfríður Jónasdóttir bæjarstjóri, Dalvík, riddarakross fyrir störf að sveitarstjórnarmálum.

Unnur Kolbrún Karlsdóttir, formaður líknar- og vinafélagsins Bergmáls, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til mannúðarmála.

17. júní 2014:

Dagfinnur Stefánsson flugstjóri, Garðabæ, riddarakross fyrir brautryðjendastörf á vettvangi flug- og samgöngumála.

Friðjón Björn Friðjónsson, fyrrverandi fjármálastjóri, Garðabæ, riddarakross fyrir forystustörf á vettvangi íþróttar.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri, Grenivík, riddarakross fyrir störf í þágu heimabyggðar.

Hallfríður Ólafsdóttir tónlistarmaður, Garðabæ, riddarakross fyrir frumkvæði að tónlistaruppeldi æskufólks.

Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur, Egilsstöðum, riddarakross fyrir ritstörf og rannsóknir á íslenskri náttúru.

Hjörleifur Stefánsson arkitekt, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til húsaverndar og sögu íslenskrar byggingarlistar.

Lilja Árnadóttir þjóðháttufræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir frumkvöðlastörf að varðveislu listmuna fyrri alda.

Sigrún Guðjónsdóttir myndlistarmaður, Hafnarfirði, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar myndlistar.

Tómas Ragnar Einarsson tónlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar jasstónlistar og menningarlífs.

12. desember 2014:

Einar Kristinn Guðfinnsson, forseti Alþingis, Bolungarvík, stórriddarakross.

13. desember 2014:

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Egilsstöðum, stórkross.

Nr. 1300/2014

II. Erlendir ríkisborgarar.

11. ágúst 2014:

Dag Wernö Holter sendiherra, Noregi, stórkross.

7. október 2014:

Roger Croft náttúrufræðingur, Skotlandi, riddarakross.

14. október 2014:

Örn Arnar aðalræðismaður, Minneapolis, Minnesota, Bandaríkjunum, riddarakross.

21. nóvember 2014:

Patrick J. Stevens, yfirbókavörður við íslenska Fiske bókasafnið við Cornell háskóla, Bandaríkjunum, riddarakross.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2015